

Handverkshátíðin við Hrafnagilsskóla

5. -8. ágúst 2011

Handverkshátíðin við Hrafnagilsskóla auglýsir til umsóknar þátttöku á Handverkshátíð 2011. Hátíðin, sem nú verður haldin í 19. sinn, hefur tekið miklum breytingum frá upphafi. Liður í því verður að kynna hana á Norðurlöndum og gaman verður að sjá hverju það skilar í framtíðinni.

Öllum sem vinna að handverki og hönnun er heimilt að sækja um þátttöku. Frjálst er að sækja um sem einstaklingur eða hópur. **Umsóknarfrestur rennur út 1. maí 2011.** Vinsamlega fyllið út sérstakt umsóknareyðublað hátíðarinnar sem finna má á slóðinni: www.handverkshatid.is

Sérstök valnefnd leggur mat á umsóknirnar og velur þátttakendur. Niðurstaða valnefndar á að liggja fyrir þann 16. maí 2011 og verður öllum umsóknum svarað. Sótt er um:

Sölubás:

Sölubásar eru staðsettir í kennslustofum og 600 m² íþróttahúsi .

Verksvæði:

Markmið með verksvæði er að kynna almenningi verklag og notkun hráefnis. Hver aðili fær vinnusvæði til afnota þar sem aðgangur er að rafmagni. Hægt er að sæja um einn dag eða alla dagana.

Krambúð:

Þeir sem ekki hafa tók á að vera með bás geta sótt um pláss fyrir vörur sínar í Krambúðinni.

Sölubás ársins og handverksmaður ársins

Hátíðarsamkoma verður á laugardagskvöldinu þar sem veittar verða viðurkenningar fyrir sölubás ársins og handverksmann ársins.

Opnunartímar hátíðarinnar:

Föstudagur 5. ágúst kl: 12-19

Laugardagur 6. ágúst kl: 12-19

Sunnudagur 7. ágúst kl:12-19

Mánudagur 8. ágúst kl:12-19

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.handverkshatid.is

Athugið að gistirými á heimavist sem hingað til hefur verið nýtt verður ekki í boði í ár.

Með kveðjur frá stjórn Handverkshátíðarinnar

Ester Stefánsdóttir handverk@esveit.is